



Framhaldsskóli á tímum samfélagslegra áskorana: Að virkja gagnrýna hugsun og ábyrga þátttöku í lýðræðissamfélagi

Kæri nemandi!

Við erum rannsakendur við Menntavísindasvið Háskóla Íslands sem nýlega fengum styrk frá Menntarannsóknasjóði Íslands til að vinna rannsókn á hlutverki framhaldsskólans í að þjálfra nemendur í gagnrýninni hugsun og umræðu um samfélagsleg málefni.

Rannsóknin felur meðal annars í sér hópviðtöl við framhaldsskólanema. Markmiðið með viðtölunum er að öðlast skilning á reynslu nemenda af kennslu þar sem þjálfun gagnrýnnar hugsunar og umfjöllun um samfélagsleg álitamál er í forgrunni og hvernig þau meta áhrif slíkrar kennslu á eigin hugsun og samfélagslegt hlutverk. Einnig verður rætt um hvers konar aðstæður þurfi að vera til staðar svo þeir þori og vilji taka þátt í umræðu um samfélagsleg álitamál.

Skólinn þinn er einn þriggja samstarfsskóla í rannsókninni og leitum við að nemendum, 18 ára eða eldri, sem eru tilbúnir að taka þátt í um það bil klukkustundar löngu hópviðtali, með 3-5 öðrum nemendum. Viðtölin verða hljóðrituð og fyllsta trúnaðar verður gætt.

Niðurstöður verða birtar á formi doktors- og meistararitgerða, fræðigreina og fyrirlestra á innlendum og erlendum vettvangi, bæði faglegum og fræðilegum.

Mikilvægt er að fá fram raddir nemenda í rannsókninni og því væri þátttaka þín afar vel þegin. Ef þú hefur áhuga á að taka þátt í rannsókninni, vinsamlega láttu Ásdísi Birgisdóttur, áfangastjóra, vita (asdisbirgis@mh.is). Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er Valgerður S. Bjarnadóttir (vsb@hi.is), dósent við Menntavísindasvið, og hægt er að hafa samband við hana með spurningar varðandi rannsóknina.

Með von um jákvæð viðbrögð,

Fyrir hönd rannsóknarhópsins,

Valgerður S. Bjarnadóttir, dósent við Menntavísindasvið